

HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2016

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrrí hluta ársins 2016 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 19. ágúst 2016.



Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrrí hluta ársins 2016 var 404 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2015 upp á 338 m.kr.

EBITDA hækkar milli tímabila, EBITDA á fyrrí helmingi 2016 var 1.002 m.kr. (34,3%) á móti 940 m.kr. (32,9%). á sama tímabili árið 2015.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2016 er 41,3% en var 40,6% á sama tíma 2015.

Veltufjárlutfall var 2,60 þann 30. júní 2016 samanborið við 3,49 í árslok 2015.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok júní áttu þrír hluthafa yfir 10% hlut í félagini:

| | |
|---------------------------|--------|
| Reykjanæsbær | 50,10% |
| HSV Eignarhaldsfélag slhf | 34,38% |
| Hafnarfjarðarbær | 15,42% |

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrrí hluta ársins 2016 nam 404 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2015 uppá 338 m.kr. Þetta er aukning hagnaðar upp á 66 m.kr. sem skýrist að mestu af hækjun tekna um 57 m.kr. þar sem rekstrargjöld hækkuðu einungis um 12 m.kr. og auk þess lækkuðu fjármagnsliðir um 32 m.kr. Gjalfærð lífeyrisskuldbinding á fyrrí helming ársins 2016 var 79 m.kr. á móti gjalfærslu upp á 65 m.kr. á sama tímabili á árinu 2015. Verðbætur langtímalána lækka um 28 m.kr. á milli tímabila.

Tekjur hækkuðu um 2% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrrí hluta ársins 2016, 2.919 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.468 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 968 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 300 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 183 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2015 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 2.862 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.433 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 944 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 291 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 193 m.kr.

Kostnaðarverð sölu lækkaði um 0,6% á milli ára á meðan tekjur jukust um 2,0%. Kostnaðarverð sölu nam 1.918 m.kr. fyrir fyrrí hluta ársins 2016 (66,7% m.v. tekjur) á móti 1.930 m.kr. á sama tímabili 2015 (67,5% m.v. tekjur). Kaup á heitu vatni, raforku og rafokutlutningi hækka í heild um 8 m.kr. og aðal breytingar eru á raforku vegna dreifitapa sem hækkar um 32 m.kr. en á móti er lækken á kaupum á heitu vatni um 27 m.kr. Rekstur megindeilda lækkar um 45 m.kr. á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður hækkar á milli tímabila um 24 m.kr. var 305 m.kr. á fyrrí helmingi 2015 og 281 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2015. Þessi breyting skýrist að mestu með breytingu á lífeyrisskuldbindingu, en gjalfærð lífeyrisskuldbinding fyrir fyrrí helming ársins 2016 var 79 m.kr. á móti gjalfærslu um 65 m.kr. 2015.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 223 m.kr. fyrri hluta ársins 2016 á en voru neikvæð upp á 255 m.kr. á sama tímabili 2015, eða alls lækken á milli ára um 32 m.kr. Fjármunatekjur aukast úr 81 m.kr. árið 2015 í 101 m.kr. á fyrrí helmingi ársins 2016.

Gjalfærður tekjuskattur nam 69 m.kr. fyrir fyrrí hluta 2016 á móti 57 m.kr. gjalfærslu fyrir sama tímabil 2015. Taka skal fram að afkoma ferskvatsnældar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var jákvæð um 115 m.kr. en var jákvæð um 97 m.kr. á sama tímabili árið 2015.

EBITDA á fyrrí helmingi ársins 2016 er 1.002 m.kr. (34,3%) á móti EBITDA 940 m.kr. (32,5%) fyrir sama tímabil árið 2015.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2016 bókfærðar á 20.427 m.kr. Eignir hækkuðu um 122 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum á fyrrí hluta 2016 námu alls um 1.157 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 268 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 36 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 31 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í rekstrarfjármunum 382 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 570 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 82 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 11 m.kr.

Eigið fé HS Veitna hf nam 8.429 m.kr. þann 30. júní 2016 (eiginfjárhlfall 41,3%) en eigið fé í ársbyrjun var 8.524 m.kr. (eiginfjárhlfall 42%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2016 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkan veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

| | 01.01 - 30.06. 2016 | | 01.01 - 30.06. 2015 | | Breyting milli ára |
|--------------------------------------|---------------------|---------------|---------------------|---------------|-----------------------|
| | | % | | % | |
| Rekstrarreikningur | | | | | |
| Rekstrartekjur | 2.919.194 | 100,0% | 2.861.534 | 100,0% | 2,0% |
| Kostnaðarverð sölu | (1.918.157) | (65,7%) | (1.930.217) | (67,5%) | (0,6%) |
| Vergur hagnaður | 1.001.037 | 34,3% | 931.317 | 32,5% | 7,5% |
| Annar rekstrarkostnaður | (304.691) | (10,4%) | (280.836) | (9,8%) | 8,5% |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | 696.346 | 23,9% | 650.481 | 22,3% | 7,1% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (223.308) | (7,6%) | (254.918) | (8,9%) | (12,4%) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 473.038 | 16,2% | 395.563 | 13,8% | 19,6% |
| Tekjuskattur | (68.866) | (2,4%) | (57.371) | (2,0%) | 20,0% |
| Hagnaður tímabilssins | 404.172 | 13,8% | 338.192 | 11,8% | 19,5% |
| 30.6.2016 | | | | | |
| 31.12.2015 | | | | | |
| Efnahagsreikningur | | | | | |
| Fastafjármunir | 17.275.177 | 84,6% | 16.429.032 | 80,9% | 5,2% |
| Veltufjármunir | 3.152.017 | 15,4% | 3.876.233 | 19,1% | (18,7%) |
| Eignir samtals | 20.427.194 | 100,0% | 20.305.265 | 99,4% | 0,6% |
| Eigið fé | 8.428.732 | 41,3% | 8.524.561 | 42,0% | (1,1%) |
| Langtímaskuldur | 10.784.276 | 52,8% | 10.671.264 | 52,6% | 1,1% |
| Skammtímaskuldur | 1.214.186 | 5,9% | 1.109.439 | 5,5% | 9,4% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 20.427.194 | 100,0% | 20.305.264 | 100,0% | 0,6% |
| Kennitölur | | | | | |
| EBITDA | 1.002.063 | 34,3% | 939.674 | 32,8% | 6,6% |
| Veltufjárhlfall | 2,60 | | 3,49 | | (25,7%) |
| Eiginfjárhlfall | 41,3% | | 42,0% | | (1,7%) |

Nánari upplýsingar veitir Július Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.